



Reykjavík, 1. september 2025
VEL25050055

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfslokasamninga

Þann 21. maí 2025 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um starfslokasamninga:

Hversu margir starfslokasamningar hafa verið gerðir við stjórnendur stofnana innan velferðarsviðs og stjórnenda á velferðarsviði á tímabilinu 1. janúar 2015 til og með 31. desember 2024? Hver er kostnaður Reykjavíkurborgar við hvern starfslokasamning á föstu og gildandi verðlagi? Hversu langur er hver starfslokasamningur sem velferðarsvið hefur gert við stjórnendur? Hvert er starfsheiti og aldur starfsmanns á bakvið hvern starfslokasamning? Hvaða skýring liggur að baki hverjum starfslokasamningi og hvers vegna var þessi leið valin? Hversu margir stjórnendur hafa sagt upp störfum á tímabilinu 1. janúar 2015 til og með 31. desember 2024?

Svar:

Samkomulag um starfslok hafa verið gerð við átta stjórnendur (sjö forstöðumenn og einn framkvæmdastjóra) frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2025.

Í fjórum tilvikum var stjórnandi að nálgast starfslok vegna aldurs og kominn í veikindi og fyrirséð að viðkomandi ætti ekki afturkvæmt í starfið vegna veikindanna, og var því niðurstaðan sú að komast að samkomulagi um starfslok svo hægt væri að auglýsa stöðuna til framtíðar.

Í einu tilviki var starfið lagt niður samhliða skipulagsbreytingum á velferðarsviði sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 8. júní 2021 og á fundi borgarráðs þann 10. júní 2021. Í því tilviki var stjórnandi einnig að nálgast starfslok vegna aldurs.

Í þremur tilvikum var lífaldur viðkomandi á bilinu 36 – 63 ára, þar af var í einu tilviki um að ræða veikindi og samkomulag var gert um starfslok því fyrirséð var að viðkomandi ætti ekki afturkvæmt í starfið. Í hinum tveimur tilvikunum var um að ræða hagsmunamat þar sem aðilar voru sammála um að forsendur fyrir viðkomandi að stýra einingunni væru ekki lengur til staðar.



Reykjavík



Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit fyrir hvert og eitt samkomulag, lengd og kostnað.

Tilvik	Fast verðlag		Verðlag 2025		Lengd samkomulags
	Laun	m.launat.gj.	Laun	m.launat.gj.	
Nr.1	8.318.712	10.232.016	8.732.504	10.740.980	8 mánuðir
Nr.2	8.856.918	10.894.009	10.361.107	12.744.162	6 mánuðir
Nr.3	3.874.670	4.765.844	5.093.467	6.264.965	5 mánuðir
Nr.4	5.296.104	6.514.208	7.077.952	8.705.881	12 mánuðir
Nr.5	2.844.444	3.498.666	4.093.743	5.035.303	3 mánuðir
Nr.6	6.144.080	7.557.218	8.303.403	10.213.186	6,5 mánuður
Nr.7	2.022.852	2.488.108	2.504.101	3.080.044	3 mánuðir
Nr.8	9.221.256	11.342.145	15.264.060	18.774.794	12 mánuðir
	46.579.036	57.292.214	61.430.338	75.559.316	

Frá 1. janúar 2015 til og með 31. desember 2024 sögðu 55 forstöðumenn á velferðarsviði upp störfum sem stjórnendur á viðkomandi starfsstöðum. Tíu af þessum stjórnendum fóru í önnur störf á sviðinu og 18 af þessum 55 hættu vegna aldurs.



Reykjavík